# Bréf til og málefni bæjarstjórnar 1903-1908

Aðfnr. 2227, örk 16

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

BÆJARVERKFRÆÐINGURINN Í REYKJAVÍK.

Reykjavík 18 september 1906.

## Nokkur erfðafestulönd.

110 **Melkotstún:** Upprunaleg stærð c 26600 □ áln.
Breytt í byggingarlóð og tekið undir vegi
c 18400 □ áln. Eptir eru c 8200 □ áln.
Hlutfall milli núverandi og upprunalegrar
stærðar c 0,308. 34 al

104 **Melshúsatún:** Upprunaleg stærð c 30150 □ áln
Breytt í byggingarlóð, tekið undir veg og kirkjugarð c 16390 □ áln. Eptir eru c 13760 □ áln
Hlutfall milli núverandi og upprunalegrar
stærðar c 0.457. 47½

50 **Jónassenstún:** Upprunaleg stærð c 27000 □ álnir
Breytt í byggingarlóð og tekið undir vegi c. 7000
□ álnir. Eptir eru c 20000 □ áln.
Hlutfall milli núverandi og upprunalegrar
stærðar c. 0.741. 37 al

29 **Neðraholtsblettur:**
Upprunaleg stærð c. 11050 □ áln. Tekið undir
vegi og breytt í byggingarlóð c 8260 □ álnir
Eptir eru c 2790 □ álnir. Hlutfall milli
núverandi og upprunalegrar stærðar c. 0.252 7⅓

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

60 Hlíðarhúsabletturinn Nr. 1: Upprunaleg stærð c 20700 □° ?
Breytt í byggingarlóð og tekið undir veg c 3700 □° ?
Eptir er c. 17000 □ álnir. Hlutfall milli nú-
verandi og upprunalegrar stærðar c 0,821. 49¼

119 Hlíðarhúsabletturinn Nr. 3. Upprunaleg stærð c 35250 □ álnir.
Breytt í byggingarlóð og tekið undir vegi c
28050 □ álnir. Eptir c. 7200 □ álnir
Hlutfall milli núverandi og upprunalegrar stærð-
ar c 0,204. 24¼

43 Hlíðarhúsabletturinn Nr. 4: Upprunaleg stærð c 26550 □ álnir.
Breytt í byggingarlóð c 1800 □ álnir. Eptir eru
c 24750 □ álnir. Hlutfall milli núverandi og
upprunalegrar stærðar c 0.970. 71.¾

Mæling framantaldra lóða er ekki nákvæm
og getur skakkað nokkru, þar sem hún að sumu
leyti er byggð á ágizkunum um upprunalega
stærð lóðanna, enda hefur ekki verið gjörður nákvæmur
uppdráttur af þeim

K. Zimsen

Til
bæjarfógetans í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

23/2

Eptir ósk bæjarfógeta Halldórs Daníelssonar hef eg undirskrifaður mælt erfðafestulandið Melblett eign járnsmið Þorsteins Jónssonar og er það að stærð 5 dagsláttur 748 □ faðmar

Reykjavík 23 Febrúar 1906.

Ólafur Pjetursson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Vísað til brunamála-
nefndar.
JM

Til bæjarstj: Reykjavíkur

Eg leyfi mér spyrja hina heidrudu bæjarstj. Rvk: hvort hún vill leyfa eigendum Bordhússins að setja niður 1 (Olíubrensluvél) Mótor í stein hús það er eg hef látið byggja á ~~lóð~~ hjá húsinu, Mótor þessi sem á að knýja fram rafljós í húsið hefur ~~at~~ af 8. h. afl. og verður að sjálfsögðu ekki brúkað nema ~~um~~ vetrar og haust kvöldum. svo eg vona að bæjarstj: hafi síður ástæðu til að banna hann en mótora sem ganga alla tíma ársins, enda mundi það koma oss óþægilega ef vér ekki fengum að nota vélina, þar sem vér höfum keypt alt sem til ljósanna heyrir ~~og svo mundi~~, eins og eg hef áður lýst í bréfi til bæjarstjórnarinnar: en sem gekk til bygging ar nefndarinnar

Rvk. 5 júní 1916

Otto N. Þorláksson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Bæjarfógetinn i Reykjavik

4. júli 1906

Heilbrigðisnefndin átti fund með sjer i dag og samþykkti þá svohljóðandi ályktun :

""Heilbrigðisnefndin leyfir sjer að skjóta því til bæjarstjórnarinnar, að eigendum Bárubúðar verði því að eins leyft að setja upp og nota steinoliumótor, að notkun hans ekki valdi óþef og andrúmsspilli i næstu húsum og götunni. Sjerstaklega óskar nefndin, að það skilyrði yrði sett, að eimpipa mótorsins verði svo há, að hún nái upp fyrir mæni Bárubúðar".

Þetta leyfi jeg mjer virðingarfyllst að tilkynna hinni háttvirtu bæjarstjórn.-

Páll Einarsson
sétter

Til Bæjarstjórnar Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

5/7 Vísað til brunamálanefndar.
JM

Fyrir nokkru sótti jeg um leyfi til að byggja skúr fyrir benoidgasverk nyrst í lóð búnaðarfjelagshússins, en brunamálanefndinni þótti ekki tiltök að leyfa það. Nýlega sótti jeg um leyfi til að byggja fyrir gasverkið austanvert við lækinn, en ekki fengið svar enn þá. Bæði er það óþægilegt og kostnaðarauki fyrir efnarannsóknastofuna að hafa það þar, og vildi jeg því helst ef mögulegt væri fá að hafa það syðst í portinu bakvið búnaðarfjel. húsið. Þar getur það orðið meira en 5 álnir frá ~~öðrum~~ húsum nema á eina hlið lítið eitt minna, en þar eru þó ekki önnur hús innan 5 álna fjarlægðar en salerni frá Iðnaðarmannahúsinu, er varla getur stafað eldhætta frá, því þau eru að mestu bygð úr járni og með eldtraustum steinvegg þeim megin er að gasverkinu snýr.

Þessi umsókn á að skoðast sem aðalumsóknin, en beiðnin um leyfi til að setja gasverkið fyrir austan lækinn aðeins til vara.

Reykjavík 4 júlí 1906.

Virðingarfyllst
Ásgeir Torfason

Til
brunamálanefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þar eð brunamálanefnd Reykjavíkur hefur ekki sjeð sjer fært að leyfa efnarannsóknastofunni að setja upp Benoidgasverk það, er hún nauðsynlega þarf á að halda, á lóð búnaðarfjelagsins, vil jeg leyfa mjer fyrir hönd efnarannsóknastofunnar að sækja um til bæjarstjórnarinnar að byggja megi yfir gasverkið skúr, að stærð 3×6 álnir, austanvert við lækinn ~~gegnt~~ gegnt búnaðarfjelagshúsinu, á lóð síra Eiríks Briems. Þar verður gasverkið svo langt frá öllum byggingum að ekki getur verið að tala um neina hættu af því. Skúrinn verður úr timbri með járnþaki og járnvarinn utan.

Virðingarfyllst

Reykjavík 14. júní 1906.

Ásgeir Torfason

Til

bæjarstjórnar Reykjavíkur

Bæjarfóg. í Rvík
Dagbók 1906 No. 676.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunamálanefndin sjer sjer eigi fært að leyfa að setja gasverkið á hinum fyrirhugaða stað.

JM

Á meðfylgjandi teikningu af vesturhluta búnaðarfjelagslóðarinnar við Lækjargötu eru afmarkaðir kolakúrar, salerni og skúr fyrir Benoidgasverk. Gasverk þetta er ætlað efnarannsóknastofunni er henni alveg ómissandi.

Skúrarnir verða byggðir líkt og venja er til, járnklæddir utan og með skáhöllu járnþaki.

Í reglugjörð um útbúnað og notkun asetýlengasgerðarstöðva og svipaðra stofnana í Reykjavíkurkaupstað, er ekki sjerstaklega getið um benoidgasverk en í fyrirsögninni liggur þó að hún taki að ýmsu leiti til þeirra.

Benoidgasið er framleitt af hexani (reykul jarðolía) þannig að loft er látið streyma í gegnum það og mettast (karbunerast) með olíunni. Tekur loftið svo mikið í sig af hexaninu að það getur brunnið líkt og venjulegt steinkolagas, en er þó talsvert þynnra, brennur t. d. með því nær ljóslausum loga líkt og vínandi. Gasið myndast aðeins jafnóðum og það er notað. Gasframleiðslan hættir af sjálfsdáðum (automatisk) ef ekkert gas er notað, og því á sjer ekki neitt gassafn stað nema það sem er í pípunum, er

Bæjarfóg. í Rvík.
Dagbók 1908. No. 572.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

leiða gasið þangað sem á að nota það. Það liggur því í augum uppi að benoidgasverk eru mjög hættulaus, og miklu hættuminni en asetylengasverkin. Hinar hættulega sprengingar, er geta komið fyrir við asetylengasverkin eru alveg útilokaðar við benoidgasverkin. Í Danmörku eru benoidgas notuð víða, t. d. á nálega öllum sanatoríunum, og talið alveg hættulaust.

Í 1. gr. áðurnefndrar reglugjörðar er mælt svo fyrir að asetylengasverk fyrir alt að 50 loga eigi að standa minst 5 álnir frá öðrum byggingum. Benoidgasverk það, er hjer ræðir um er ætlað fyrir 20–30 loga og ætti því ef fylgt væri reglunum um asetylengasverkin að standa 5 álnir frá öðrum byggingum. Því miður er ómögulegt að koma því svo fyrir á þessari lóð að það verði ekki nær en því svarar skúrum þeim er byggja á, á Iðnaðarmannahúss og Iðnskólalóðinni. Jeg leyfi mjer því fyrir hönd Efnarannsóknastofunnar að sækja um það til brunamálanefndarinnar að setja megi það á þann stað sem markaður er á uppdrættinum. Þar er það sett 5 álnir frá búnaðarfjelagshúsinu, við eldtraustanvegg milli þeirrar lóðar og Iðnskólalóðarinnar og 2 álnir frá Iðn-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

aðar mannahússlóðinni, og verður eldtraustur veggur þar á lóðatakmörkum.

Til stuðnings því að gjörð verði undantekning frá ákvæðum 1. gr. reglugjörðarinnar, eru ákvæðin í 13 gr. sömu reglugjörðar, að jafnvel svo hættuleg áhöld sem flytjanlegar asetylengas-gjörðarstöðvar megi nota <u>inni í húsum</u> í vísindalegum tilgangi af þar tilhæfum mönnum. Benoidgasverk það er hjer ræðir um verður einmitt notað í vísindalegum tilgangi og jeg hlýt að telja sjálfsagt mig hafa þá sjerþekkingu til að bera að engin hætta geti stafað af að jeg notaði, það jafnvel inn í húsi, hvað þá heldur ef það verður sett svo sem hjer er farið fram á.

Ef brunamálanefndin óskar, getur hún fengið að skoða gasverkið og kynna sjer „konstruktion“ þess.

Reykjavík 25. maí 1906

Virðingarfyllst

Ásgeir Torfason

Til

brunamálanefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur




© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur




© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Útskript

úr byggingarnefnd Reykjavíkurkaupstaðar

Ár 1906, þ. 21. júlí átti byggingarnefndin fund með sjer, og voru tekin fyrir þessi málefni.

1. Var stjórnarráði Íslands leyft að láta reisa hús úr steini þrílyft handa landsbókasafninu og öðrum söfnum landsins. Húsið á að standa  al. norðan við Hverfisgötu,  al. austan við væntanlegt framhald Ingólfsstrætis og verður 56 3/4 al. á lengd og 29 7/8 al. á breidd.

2. Byggingarnefndin mælir með beiðni Þórarins Jónssonar Selsholti um að hann megi láta skúr við hús sitt standa 3 al. frá mörkum lóðar sinnar, með því að lóðareigandinn þeim megin hefur samþykkt það.

3. Beiðni frá Sigríði Sigurðardóttir um hækkun á húsinu nr. 8 í Kirkjustræti um 1 lyftingu, frestað í nefndinni, með því að eigi er í beiðninni gerð grein fyrir, hvernig slökkvitólum verði komið inn á lóð hússins.

4. Erlendi Magnússyni leyft að gjöra salerni 2×3 al. að stærð á lóð hans við Þingholtsstræti.

5. Samþykkt að selja Þorkeli Ólafssyni lóð til húsabyggingar sunnan við Bjargarstíg austan við lóð Guðmundar Guðmundssonar tygjasmiðs, fyrir 1 kr. hverja feralin, lóðin er ómæld

6. Guðrúnu Þorsteins~~dóttur~~son, konu Jóns Þorst-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eindsonar verzlunarstjóra í Borgarnesi leyft
að reisa hús 14×18 al. með skúr 4×3½ norðan
við Bjargarstíg á vesturhluta Heilmannslóðar,
sem hann hefur keypt, og sem er 34 al. frá norðri
til suðurs og 18 al. frá austri til vesturs, auk
lóðarræmu 3×30 al. uppmeð lóðarmörkum Ey-
vindar Árnasonar. Húsið sje sett þannig,
að Bjargarstígur verði 18 al. breiður.

7. Guðmundi Egilssyni trjesmið leyft að
reisa geymsluhús 16×9 al. að stærð og salerni
3×2 al. á lóð hans nr. 40 við Laugaveg.

8. Birni Stefánssyni leyft að reisa geymslu-
hús 14×7 al. að stærð á lóð hans nr. 52 við
Laugaveg.

9. Þorsteini Sigurðssyni kaupmanni leyft
að setja 2 búðarglugga á suðurhlið húss hans
nr 5 við Laugaveg

10. Iðnaðarmannafjelaginu leyft að ~~breyta~~
breyta framhlið á húsi fjelagsins við Vonar-
stræti, þannig að altan yfir dyrunum
verði tekin burtu, en settar verði súlur beggja
~~vegna~~ megin við dyrnar upp úr og gjörður
lítill kvistur á þakinu yfir dyrunum. –

Allir á fundi, nema Tr. Gunnarsson, Guð-
mundur Jakobsson

Fundi slitið

Halldór Daníelsson  Ásgeir Sigurðsson  K. Zimsen

Rjett útskrift staðfestir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Slökkviliðsreglugjörð

2 gr.

1. málsgr: Þá

Þegar eldsvoði kemur uppi skulu allir verkþeir karlmenn í bænum vera skyldir til að koma til brunans og gjöra allt það sem þeim verður skipað af þeim er ræður fyrir því hvað gjöra skuli til að slökkva eldinn eða aðstoðarmönnum hans.

2. málsgr. Það er umsjónar o s frv.

3. gr. málsgr. – Nú ~~maður~~ vanrækir ~~einhver~~ maður ~~þá skyldu~~ að koma að eldsvoða eða þegar reyna á slökkvitól og skal hann þá sæta sektum. – Sama er og ef ~~einn~~ maður leyfislaust yfirgefur eldsvoða áður en slökkt er, eða slökkviliðsæfingu áður en lokið er. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Halldór Daníelsson
bæjarfógeti í Reykjavík

Gjörir kunnugt: Mjer hefur tjáð Hannes Hafliðason, slökkviliðsstjóri, að hann við brunann á húsum Fjelagsbakarísins aðfaranóttina 11. nóvember síðastl. hafi orðið fyrir skaða vegna skemmda á seglum, er hann hafi ljeð til að verja önnur hús fyrir tjeðum eldsvoða. Beiðist hann þess að 2 hæfir menn og óvilhallir verði skipaðir til að meta til peningaverðs skaðabætur fyrir tjeðar skemmdir á seglunum.

Fyrir því eru hjermeð þeir

Kristinn Magnússon, skipstjóri, og

Helgi Zoëga, kaupmaður

sem hæfir menn og óvilhallir skipaðir til að framkvæma hið umbeðna mat. Skulu þeir semja matsgjörð þessa skriflega, vanda hana eptir beztu þekkingu og samvisku og staðfesta með eiði, ef krafizt verður.

Til staðfestu nafn mitt og embættisinnsigli

Reykjavík, 22. desember 1905.

Gjald 60 — sextíu aurar } borgað. H.D

Halldór Daníelsson

SIGILLUM CIVITATIS REYKIAVICENSIS

Skipunarbrjef
handa Kristni Magnússyni skipstjóra og

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Helga Zoëga kaupmanni til að meta til peningaverðs skaðabótum fyrir skemmdir á seglum. tilheyrandi Hannesi Hafliða-syni slökkviliðsstjóra.

Samkvæmt

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

framanskrifaðri útnefningu höfum við í dag framkvæmt skoðun og mat á skemdum þeim sem orðið hafa á seglum við bruna Fjelags-bakarísins, tilheyrandi Hannesi slökkviliðsstjóra Hafliðasyni.–
Skemdunum er þannig varið að eitt segl (stagfokka) er svo brunnið að það má álíta alveg ónýtt, annað segl lítilsháttar skemt og það ásamt tveim seglum öðrum (alls 4 segl) mjög útatað og óþrifalegt eptir brunann.
Skaðabætur fyrir skemdir á seglum þessum, svo og þóknun fyrir að þrífa þau, álítum við hæfilega metið með alls 80 = áttatíu krónum.
Mat þetta er gjört eptir beztu þekkingu og samvizku og erum við fúsir á að staðfesta það með eiði ef krafist verður.

Reykjavík 10. Januar 1906

Helgi Zoëga

Kristinn Magnússon
skipstjóri

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1

# Reglugjörð um brunamál í Reykjavík

1. gr.

Í brunamálanefnd Reykjavíkur eiga sæti 5 menn: fjórir menn er bæjarstjórnin kýs úr sínum flokki og slökkviliðsstjóri bæjarins. — Nefndin kýs sjer sjálf formann, er þó má eigi vera slökkviliðsstjórinn. — Hinir kosnu nefndarmenn fara frá 3. hvert ár, að afloknum reglulegum bæjarfulltrúakosningum, en þó má endurkjósa. Í forföllum hinna kosnu nefndarmanna kýs að bæjarstjórnin aðra í þeirra stað, ef þurfa þykir. —

2. gr.

Óbreytt 2. gr. í reglugj. 26/10 76

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3. gr.

Óbreytt 3 gr. í eldri reglugjörðinni.

4 gr.

Óbreytt 4. gr. í sömu reglugj.

5. gr.

Eigi má hafa úti undir beru lopti neitt eldsneyti, hverju nafni sem nefnist, nje aðra eldfima hluti, nær húsum en 20 álnir, nema sjerstakt leyfi brunamálanefndar sje til þess fengið. — Hvergi má hafa úti á bæjarins lóð, hlaða af borðum, trjeviði eða öðrum viði, nema samkvæmt sjerstöku leyfi brunamálanefndar. —

6. gr.

Hvarsem geymt er meir en 3 tunnur (nálægt 550 pottum) af steinolíu, terpentínu og öðrum viðlíka

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

eldfimum efnum, má
ekki fara með eld eða ljós,
hvorki laust né í lukt-
um ~~umbúðum~~ ljósberum.
Á þessum geymslustöðum má
eigi vera eldstó, reykháfur
eða annað þesskonar. Á
geymslustöðum, í sölubúðum
eða verksmiðjum, þar sem
minna er geymt en 550
pottar af nefndum efnum,
verður mesta varúðar að
gæta með ljós og eld (og
að eigi koma með það farið
nálægt hinum eldfimu
efnum). Í húsum eða
herbergjum þar sem farið
er með eld eða ljós má
eigi geyma meira en
40 potta af ljósmeti-
sem er svo eldfimt, að
í því kvikni við 40°
hita á hundraðsmælinum
(C). — Stærri birgðir
en 40 potta af þesskonar
ljósmeti eða öðrum mjög
eldfimum vökvum skal

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

– geta alls brunnið og mega þar ekki vera neinir hlutir, er fljótt kviknar í.

þéttum geymd í járn-
ílátum. — Hvar sem geymt
er eða eldt ljósmeti það,
sem nefnt er í 8. gr. laga
15. okt. 1875 skal vandlega
(o.s.fr. (Sjá niðurlag 6. gr.
í eldri reglugj.)

7. gr.

Bæjarstjórnin getur eptir
tillögum brunamálanefndar
sett sérstakar varúðar-
reglur um notkun ljós-
metis, er (nýja) mikil
brunahætta fylgir að.—

8. gr.

Brunamálanefndin hefur
sérstakt eptirlit með og setur
í hvert skipti reglur um
birgðir þær af púðri, skot-
baðmull, dýnamíti, eldspýt-
um, ýmsum lýsingarefnum,
kalki o. fl. sem ræðir um
i 7., 8. og 10. gr. laga 15. oktbr. 1875
og um þá sem birgðir hafa
af téðum hlutum skyldir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

(Framhald af brunamála reglugjörð)

að hlýða þeim reglum, sem brunamálanefndin finnur ástæðu til að setja í þessu efni.-

9. gr.

Þegar byggt er á iðnaðarverksmiðjur, er ræðir um í 11. gr. laga 15. okt. 1875 ákveður brunamálanefndin í hverju einstöku tilfelli varúðarreglur þær, sem nauðsynlegar eru til þess að afstýra brunahættu.-

10. gr.

8. gr. eldri reglugjörðarinnar óbreytt nema að orðinu „lamirnar" skal sleppt – og aptan við fyrri málsgreinina komi:

Nú er unnið í húsum þeim, sem ræðir um í þessari grein, eptir kl 10 að kveldi; og skal þá húsráðandi vera sjálfur við, eða hafa þar annan áreiðanlegan mann í sinn stað.

Að því er lopt og veggi á ofannefndum smiðjuhúsum snertir skal farið eptir 12. gr. laga 15. okt. 1875.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

11. gr.

Ofnar í brandgjörðarhúsinu — einnig 9. gr. eldsreglugj. aptan ad fylgt hann verdhaldi í 4. línu — En þar bætist við: Um ofna og annan [allan] frágang [umbúnað] á stærri brandgjörðarhúsum getur brunamálanefndin gjört þær sérstöku fyrirskipanir, er hún álítur nauðsynlegar til að varna brunahættu.

Um aðrar verksmiðjur, sem umra eitt (niðurl. 9. gr. í eldsreglugj. óbreytt).

12. gr.

Kirkjur, leikhús, samkomuhús og önnur þau hús, er margmenni koma saman í, eru báð sérstöku tilsjón [og eptirliti] brunamálanefndar.

13. gr.

(Sjúkrahúsi hér skulu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

brunastigi: brunastjaldi og brunastjölur svo sem fyrir er mælt í 15. gr. laga 15. oktober 1875. ~~Alt~~ Brunastigar skulu vera 2 álnum lengri að minnsta kosti en veggirnir hvorir — a —
Brunastjakar skulu gjörtir eptir fyrirsögn brunamálanefndar. 9
Húseigendur skulu útvega brunaáhöld þessi og halda þeim við. Vanræki þeir skyldu sína í því efni getur bæjarstjórnin látið kaupa ^þau^ á þeirra kostnað ~~brunastigana~~

9 Áhöldin skulu varðveitt á þeim stað, sem auðgengið er að þeim viðstöðulaust, þegar á þarf að halda

fylgja brunastjölur þær, nægilega stórar að áliti brunamálanefndar, er hjer segir:

| | | |
|---|---|---|
| húsum sem vátryggð eru fyrir | | |
| allt að 2000 kr. | 1 brunastjal | |
| 2000–4000 — | 2 — | |
| 4000–6000 — | 3 — | |
| 6000–8000 — | 4 — | |
| 8000–10000 kr. og þar yfir | 5 — | |

Sjerhverju húsi sem vátryggt er fyrir ~~10~~ 10000 kr. og þar yfir skal fylgja brunastigi og brunastjaki af þeirri stærð, er hjer segir.

(Sjá 10. gr. eldri reglugjörðar)

Stigar og stjakar skulu vera þannig gjörðir, er brunamálanefndin þeim skipar.

Brunastjölur, brunastiga og ~~krókar~~ brunastjaka er húseigendum skylt að útvega sjer, með ráði brunamálanefndar, eigi síðar en 1. júlí 1906

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

af ákvæði þessu eigi þegar

fylgja húsunum)

Komi sem ákvæði

þessu enn eigi í lagi, en

með því hefur slökkviliðs-

stjóri eptirlit, getur bruna-

málanefndin látið bæta úr

því sem á brestur á kostnað

húseiganda. – (Ákvæðin skulu

gegnd á þeim stað við hvert

hús. er brunamálanefndin + ákveður. –)

+ brunamálastjóri

(11. gr.

(11. gr. reglugj. 29/10 '76 óbreytt,

sem þó mætti máske alveg

falla burtu.)

14. gr.

12 gr. eldri reglugj. óbreytt

nema í stað „aðra eyðileggingu"

komi: „af öðrum ástæðum"

(13 gr. eldri reglugjörðar

fellur alveg burt)

16 gr.

Hvað er skylda o. s. frv.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# framhald brunamála reglugjörðar

(18. gr. laga 15. okt. 1875 óbreytt

16. gr.

22. gr. sömu laga óbreytt

17. gr.

23. gr. sömu laga óbreytt

18. gr.

24. gr. sömu laga óbreytt.

19. gr.

Í októbermánuði ár hvert skal fram fara gagngerð skoðun á öllum reykháfum, eldstóm, ofnum, smiðjum o.fl. í lögsagnarumdæmi bæjarins, svo og á slökkvitólum þeim, er fylgja eiga húsi hverju. Skoðun þessa framkvæmi slökkviliðsstjóri (vara-höfðingi slökkviliðsins) eða umboðsmaður hans (slökkviliðsstjóra),

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

er hann skyldur til þess á sína ábyrgð og með samþykki brunamálanefndar.

Reynist í nokkru álitavert við skoðun þessa o. s. fr. (nefnilega 14 gr. eldri reglugjörðar óbreytt nema að orðið „skoðunarmönnum" bætist inn á viðeigandi stöðum.

## 20 gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum, allt að 200 kr., eða einföldu fangelsi í allt að 2 mánuði, nema þyngri hegning liggi við samkvæmt hinum almennu hegningarlögum.

---

Reglugjörð um brunamál í Reykjavík 26. oktbr. 1876 er hérmeð úr gildi felld.

og athugasemd um það að skipuninni hafi verið hlýtt; hafi henni eigi verið hlýtt, skal þess og getið og hvenær lögreglustjóra hafi verið tilkynnt það.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Endurskoðuð reglugjörð um slökkvilið Reykjavíkur kaupstaðar.

1. gr.

Allir bæjarbúar, sem til þess verða álitnir hæfir, að undanskildum konunglegum embættismönnum og bæjarfulltrúum, eru skyldir til þjónustu í slökkviliði bæjarins frá því þeir eru 20 vetra unz þeir eru 35 vetra, nema sjúkleikur hamli; þó skulu allir bæjarbúar með áminnstum undantekningum vera skyldir að hafa á hendi fyrirliðastörf í slökkviliðinu allt til 50 ára aldurs, ef þeir verða til þess kjörnir.

Aldurstakmörkunum eptir þessari grein, getur bæjarstjórnin breytt.

2. gr.

Þegar eldsvoði kemur upp, skulu allir verkfærir karlmenn í bænum vera skyldir til að koma til brunans og gjöra allt sem þeim verður skipað af þeim, er ræður fyrir því, hvað gjöra skuli til að slökkva eldinn, eða aðstoðarmönnum hans.

Það er ennfremur skylda hvers slökkviliðs að koma þegar fyrir hann er lagt til að reyna slökkvitólin eða temja sjer notkun þeirra.

Nú vanrækir maður að koma að eldsvoða, eða

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þeim vegna á slökkvitólð, og skal hann þá taka sektum. Sama er ef maður leyfislaust yfirgefur eldsvoða áður en slökkt er, eða slökkvitólasafnið áður en henni er lokið.

3. gr.

Slökkviliðið stendur undir umsjá og stjórn brunamálanefndar bæjarins, en bæjarstjórnin hefur yfirumsjón með því og yfirstjórn. –

4. gr.

Aðalstjórnin yfir öllu slökkviliði bæjarins og umsjón með öllum slökkvitólum hans, skal falin á hendur einum manni, er nefnist slökkviliðsstjóri. Innan loka hvers árs semur hann skrá yfir þá bæjarbúa, sem skyldir eru til slökkviliðsþjónustu samkvæmt 1. gr. Skrá þessa leggur slökkviliðsstjóri fyrir brunamálanefndina, og skiptir hún liðinu í flokka og deildir samkvæmt þessari reglugjörð.

Slökkviliðsstjóri annast um að allir slökkviliðar fái skýrar tilkynningar um það, hvar þeir eru skipaðir í liðið og um skyldur þeirra, og að þeir sjeu vanir við verk það, sem þeim er ætlað að vinna, svo sem nauðsyn ber til. – Hann skal halda nafnaskrá yfir öll

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

slökkvitól bæjarins, gæta þeirra vandlega og annast um viðhald þeirra að öllu leyti.

Öll slökkvitól bæjarins skulu reynd eigi sjaldnar en tvisvar á ári hverju á þann hátt, er brunamálanefndin ákveður.

Að minnsta kosti einu sinni á ári skal slökkviliðsstjóri líta eptir öllum ofnum í bænum og eldstóm, hvort svo sje frá þeim gengið, að eldsvoði geti eigi af þeim hlotist, og ofnar og reykháfar nægilega hreinsaðir.

Slökkviliðsstjóri skal hafa eptirlit með því, að púður og aðrir eldnæmir hlutir sjeu svo geymdir, að tjón geti eigi af hlotist. Vanræki hlutaðeigendur skyldu sína í þessu efni skal hann þegar skýra bæjarfógeta frá því, er hann kemur ábyrgð fram á hendur hinum seku.

Þá er eldsvoði kemur upp skal slökkviliðsstjóri kveða á um, hverir vatnsdælum og öðrum slökkvitólum skal viðkoma, og hverjar aðrar ráðstafanir skuli gjöra til að slökkva eldinn eða stöðva útbreiðslu hans, en þá skal hann samþykki bæjarfógeta til að láta rífa niður nálæg hús, ef nauðsyn ber til þess, til að varna útbreiðslu eldsins.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Lagvikir þeir, sem
frá starfi sínu

5. gr.

Bæjarstjórnin skipar alla alla fyrirliða slökkviliðsins aðra en þá lægri eptir tillögum brunamálanefndar.

6. gr.

Slökkviliðinu skal skipt í 4 aðal-deildir:

1. hið eiginlega slökkvilið
2. niðurrifslið
3. bjarglið
4. lögreglulið.—

Skipting þessa gjörir brunamálanefndin og semur nákvæmar reglur um það.

7. gr.

Til hins eiginlega slökkviliðs teljast allir þeir, sem skipaðir eru við vatnsdælurnar, svo og brunahlera og brunastiga og ~~[illegible]~~ ennfremur allir þeir, sem skipaðir eru til aðflutnings á vatni. Yfir það lið skal skipaður undir yfirstjórn slökkviliðsstjóra einn deildarhöfðingi, og gengur hann í stað slökkviliðsstjóra í forföllum hans. Hann skal sjerstaklega hafa eptirlit með því ásamt slökkviliðsstjóra, að öll slökkviáhöld sjeu í góðu lagi, og að liðsmenn gjöri þau verk, sem þeim eru fyrirskipuð. Hann hefur svo marga undirsveitarhöfðingja, flokkstjóra og brunameistara, sem brunamálanefnd skiptir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fyrir bjargliðinu ræður undir yfirstjórn slökkviliðsstjóra einn sveitarhöfðingi, er hefir svo marga undirsveitarhöfðingja og flokksstjóra sjer til aðstoðar, er brunamálanefndin ákveður, en hún ákveður einnig, hversu fjölskipuð þessi sveit skuli vera.

Bjargmenn skulu gefa því nákvæmar gætur að munir þeir, sem bjargað er, skemmist ekki af illri meðferð, og flytja þá á hagkvæman stað eptir því sem sveitarhöfðingi fyrirskipar.

10. gr.

H Brunamálanefndin ~~Bæjarstjórnin~~ kveður á um það með ráði lögreglustjóra, hversu fjölskipuð lögreglusveitin skuli vera. Fyrir lögreglusveitinni ræður einn sveitarhöfðingi undir yfirstjórn slökkviliðsstjóra. Sveitarhöfðinginn hefir sjer til aðstoðar svo marga undirsveitarhöfðingja, sem brunamálanefndinni þykir þörf á. Lögregluþjónar bæjarins skulu, að svo miklu leyti sem því verður við komið, skipaðir í sveit þessa.

Lögreglusveitin skal vaka til að viðhalda góðri reglu við eldsvoða og gæta

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

slökkviliðsrefsingar, sjá fyrir
greiðum gangi að eldinum
til aðflutnings á vatni
og burtflutnings muna
þeirra, sem bjargað er,
og annast um að engir
óviðkomandi menn
gangi að varði húsi
því, sem brennur, eða
flytji þaðan neitt burtu.

11. gr.

Auk þeirra 4 sveita, sem þegar
eru nefndar, skulu skipaðir
svo margir brunaboðar, sem
brunamálanefndin telur þörf
til vera. Skulu þeir kalla
menn saman á brunastað-
inn, þá er eldsvoða ber að
höndum, hvort heldur er á
nótt eða degi. Þar að auki
er það skylda brunavarð-
anna undir eins og þeir
verða varir við eldsuppkomu,
að vekja þá sem í því húsi
eru, er eldur er uppi í, að
(hefja brunaköll til að vekja
sem flesta slökkviliðið) gjöra
sem fyrst slökkviliðsstjóra og
lögreglustjóra og bruna-
boðunum aðvart um elds-
voðann. Nákvæmari
reglur um þessar skyldur
semur lögreglustjórinn.

Bæjarstjórnin gjörir svo
fljótt sem verða má ~~[illegible]~~
~~[illegible]~~ ráðstafanir til
þess, að slökkviliðsstjóra og

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

af brunaboðanum geti ávalt
gjört viðvart um eldsvoða
á vaktstofu með talsíma-
skeytunum.

12. gr.

Slökkviliðið skal hafa einkenni, sem nota skal bæði við eldsvoða og slökkviæfingar. Bæjarstjórnin ákveður, að fengnum tillögum brunamálanefndar, hvernig einkenni þessi skuli vera. Bæjarsjóður kostar öll einkennin og annast bæjarfógetinn um tilkynning þessa. – Slökkviliðar skulu skyldir að skila einkennum sínum, þá er þeir ganga úr þjónustu slökkviliðsins.

13. gr.

Í brunamálanefnd bæjarins sitja 5 menn: 4 bæjarfulltrúar, er bæjarstjórnin til þess kýs til 3ja ára, sem og slökkviliðsstjóri. Nefndin kýs sjálf formann sinn, en eigi má þó kjósa slökkviliðsstjóra. –

14. gr.

Áður en fjárhagsáætlun bæjarins er samin ár hvert, skal brunamálanefndin semja áætlun sína og gjöra tillögur um útgjöld til brunamála næsta ár og senda fjárhagsnefnd. Skal brunamálanefndin annast um, að hinu veitta fé sé varið á sem hagkvæmastan hátt.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

nauðsyn til bera, og einn
annar sveitarhöfðingi um-
fram, er gengur í stað sveitar-
höfðingja í viðlögum.
Við hverja ~~sprautu~~ slökkvi-
deild skal jafnan vera skipaður
að minnsta kosti einn lásmaður,
er hefir nægilega þekkingu
og nauðsynleg áhöld við
hendina til að loka inn
smá- strommunum á slökkvidæl-
unum, ~~í hver~~ ef á þarf
að halda, í hvert sinn
sem þær eru notaðar.

8. gr.

Húsrifsliðið skal skipað
svo mörgum mönnum,
sem brunamálanefnd ákveður.
Skulu í hann einkum skip-
aðir trjesmiðir, og skulu
þeir skyldir til, þegar elds-
voða ber að, að hafa með
áhöld, sem til húsrifs þurfa.
Til þessarar sveitar teljast
og þeir, sem skipaðir eru til
að fylgja stiga og öðrum áhöld-
um, sem til húsrifs þurfa. Fyrir
þessari sveit ræður einn
sveitarhöfðingi undir yfir-
stjórn slökkviliðsstjóra,
og hefir hann svo marga
undirsveitarhöfðingja sjer
til aðstoðar, sem bruna-
málanefnd ákveður.

9. gr.

Bjargliðið skal gjöra allt,
sem í þess valdi stendur
til að bjarga gózi og mönnum. ~~Ef~~
þegar eldsvoða ber að höndum

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

15. gr.

Það er skylda brunamálanefndarinnar, að annast um að allt það er slökkvitól snertir, sje í sem bestu reglu og að hafa eptirlit með, að allir gegni skyldu sinni, og að hegnt verði fyrir alla óhlýðni og vanrækt í þeim efnum.

16. gr.

Bæjarstjórnin semur eptir tillögum brunamálanefndar reglugjörð um, hver slökkvitól, og önnur áhöld, er að slökkvistarfa lúta, Reykjavíkur kaupstaður skuli skyldur að eiga og viðhalda. Reglugjörð þessa skal leggja undir samþykki stjórnarráðs Íslands, og skal hana endurskoða eigi sjaldnar en á 5 ára fresti.

---

Reglugjörð um slökkvilið Reykjavíkur, dags. 31. oktober 1874 er hjermeð úr gildi felld.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Reglugjörð

## um

## slökkvilið Reykjavíkur

Allir bæjarbúar, sem til þess verða álitnir hæfir, að undanskildum konunglegum embættismönnum og bæjarfulltrúum, eru skyldir til þjónustu í slökkviliði bæjarins frá því þeir eru 20 vetra, unz þeir eru 35 vetra, nema sjúkleikur hamli. Þó skulu allir bæjarbúar, með áminnstum undantekningum, vera skyldir að hafa á hendi fyrirliðastörf í slökkviliðinu allt til 50 ára aldurs, ef þeir verða til þess kjörnir. Aldurstakmörkum eptir þessari grein, getur bæjarstjórnin breytt. ~~ef henni sýnist~~

### 1. gr.

Orðrjett einsog áður hefur verið samþykkt í brunamálanefnd og bæjarstjórn

### 2. gr.

Þegar eldvoða ber að höndum er sjerhver slökkviliði skyldur að hlýða tafarlaust brunakalli og vinna við eldvoðann það, er (honum ber eða) fyrir hann er lagt af yfirboðurum hans.

Það er ennfremur skylda hvers slökkviliða að koma, þegar fyrir hann er lagt, til að reyna slökkvitólin eða temja sjer notkun þeirra.—

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Nú vanrækir einhver slökkviliði að koma að eldsvoða eða þegar reyna á slökkvitól og skal hann þá sæta sektum. NB

3. gr.

3. gr. reglugj. 3/10 1874 óbreytt nema að í stað eldsvoðanefndar komur brunamálanefnd

4 gr.

Aðalstjórn yfir öllu slökkviliði bæjarins, og umsjón með öllum slökkvitólum hans, skal falin í hendur einum manni er nefnist slökkviliðsstjóri. — Innan loka hvers árs semur hann skrá yfir þá bæjarbúa, sem skyldir eru til slökkviliðsþjónustu samkvæmt 1 gr. — Skrá þessa leggur slökkviliðsstjóri svo fyrir brunamálanefndina + ~~er hún ákveður síðan hver slökkviliðsstörf skuli falin hverjum~~

+ og skiptir hún liðinu niður í flokka og deildir, samkvæmt reglugjörð þessari.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

einstökum manni (sbr. þó 5. gr.) eda hvar í lidid hann skuli skipadur) [-Heimilt er brunamálanefnd ad undanþiggja menn frá slökkviliðsþjónustu, ef henni finnst ástæda til.) ]

Slökkviliðsstjóri annast um ad ~~all~~ slökkviliðar allir fái skýra tilkynningu um það, hvar þeir eru skipaðir í liðið og um skyldur þeirra, ad þeir sjeu vanir við verk þau, sem þeim er ætlað ad vinna hvað sem vandræði ber til. — Hann skal halda nákvæma skrá yfir öll slökkvitól bæjarins, gæta þeirra vandlega og annast um viðhald þeirra að öllu leyti. Öll slökkvitól bæjarins skulu reynd eigi sjaldnar en tvisvar á ári hverju á þann hátt, er brunamálanefndin nánar ákveður. —

(Slökkviliðsstjóri skal og

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Orðin „eptir samkomulagi við bæjarfógeta“ falli burtu. Fyrir orðin „sem svo þarf í lagi þarf hann að fá“ komi „en svo skal hann.“

*

að minnsta kosti ~~tvisvar~~ einu sinni á ári hverju (Síðustu línu í ~~við~~ fyrri málsgr. 4. gr. í eldri reglugj. óbr.)

Slökkviliðsstjóri skal hafa eftirlit með því (niðurlag 4 gr. í eldri grein óbreytt nema að á eftir orðunum í 4. línu: „samkvæmt lagi við bæjarfógeta“ ~~komi~~ — ef svo annað en látið haldast — komi „ef því verður við komið“

5. gr.

5. gr. eldri reglugj. óbreytt nema að brunamálanefnd. komi í stað eldsvoðanefndar

6. gr.

6. gr. eldri reglugj. óbreytt með sömu orðabreytingum

7 gr.

7. gr. eldri reglugj. óbreytt, í stað næst síðustu línu - í stað sveitarhöfðingjans í viðlögum. Því

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

bætist inní 1. línu á eptir orðunum „við sprauturnar": „stiga og ~~brunakrókar~~ og brunastiga" og fyrir í 5. línu „og" (— að liðinu). ?

Við hverja sprautu skal jafnan vera skipaður að minnsta kosti 1 liðsmaður er hefur nægilega þekkingu og nauðsynleg áhöld til að bæta úr smá skemmdum á sprautunum í hvert sinn er þær eru notaðar.

8. gr.

Húsrifsliðið skal skipað svo mörgum mönnum sem brunamálanefndin ákveður. — Skulu í þeirri (8. gr. í eldri reglugj. óbreytt frá sem að „brunastiga" í 5 (4.) línu breytast í „stiga" í 6 (5.) línu bætist inn, eptir „1 vatnsburðinga" „undir yfirstjórn slökkviliðsstjórans" og slökkviliðsnefnd breytist í brunamálanefnd

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

9. gr.

Bjargliðið skal gjöra allt, sem í þess valdi stendur, til að bjarga gózi og mönnum, ef eldsvoða ber að höndum. — Fyrir bjargliðinu ræður, undir yfirstjórn slökkviliðsstjóra, 1 sveitarhöfðingi er hefur svo marga undirsveitarhöfðingja (+ og flokkstjóra) sér til aðstoðar, er brunamálanefndin ákveður, en hún ákveður einnig hversu fjölskipuð þessi sveit skuli vera. — Bjargmenn skulu gefa því nákvæman gætur (sjá 2 síðustu línurnar í eldri reglugj. 9 gr.)

(Til þessarar sveitar teljast þeir, sem skipaðir eru til að annast brunastiga og önnur þess áhöld, er nota á til bjargar mönnum og munum, þegar eldsvoða ber að höndum.)

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## 10. gr.

Brunamálanefndin kveður á um með ráði lögreglustjóra (bæjarins) hversu fjölskipað lögregluliðið skuli vera. — Fyrir lögregluliðinu ræður 1 sveitarhöfðingi undir yfirstjórn (slökkviliðsstjóra) lögreglustjóra. — Sveitarhöfðinginn hefur sjer til aðstoðar svo marga undirsveitarhöfðingja ~~sjer til aðstoðar~~, sem brunamálanefndinni þykir þörf á. — Lögreglumenn bæjarins skulu, að ~~þeir~~ svo miklu leyti sem því verður viðkomið skipaðir í sveit þessa. — Lögreglusveitin skal notuð til að viðhalda góðri reglu við eldsvoða og við slökkviliðsæfingar, þá fyrir greindum gengi (sjá 3 síðustu línur í 10. gr. eldri reglug.). —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

11. gr.

11. gr. slepi reglugjörðar-innar alveg óbreytt. – En aptan við greinina bætist:

Bæjarstjórnin gjöra, svo fljótt sem verða má, nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að slökkviliðsstjóra, (lögreglustjóra) og brunaboðum geti orðið gjört aðvart um eldsvoða á næturþeli með talsímaskeytum. –

12. gr.

Slökkviliðið skal hafa einkenni, sem nota skal bæði við eldsvoða og slökkviliðsæfingar. – Bæjarstjórnin ákveður, að fengnum tillögum brunamálanefndar, hvernig einkenni þessi skuli vera. –

Bæjarsjóður kostar öll einkennin og annast bæjarstjórnin um tilbúning þeirra. –

Slökkviliðar skulu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3 framh. af slökkviliðsreglugjörð

skyldu að skila einkennum sínum þá er þeir ganga úr þjónustu slökkviliðsins.

13. gr.
Í brunamálanefnd bæjarins sitja 5 menn: 4 bæjarfulltrúar er bæjarstjórnin til þess kýs, til 3ja ára í senn, og slökkviliðsstjóri. Nefndin kýs sér sjálf formann, en eigi má þó slökkviliðsstjóri vera formaður nefndarinnar.

14. gr.
Áður en fjárhagsáætlun bæjarins er samin ár hvert skal brunamálanefndin semja áætlun um og gjöra tillögur um útgjöld til brunamála næsta ár og (leggja fyrir bæjarstjórn). – Skal brunamálanefndin svo annast

Senda fjárhagsnefnd

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

um að hinn vætta sje
sje varið á sem hagan-
legastan hátt. –

15 gr.
Það er skylda bruna-
málanefndarinnar að annast
um, að allt það er slökkvi-
liðsmenn, sje í sem
beztri reglu, og að hafa
eptirlit með að allir gegni
skyldu sinni og begnt verði
fyrir alla óhlýðni, van-
rækt og aðra yfirsjónir
í þeim efnum, er að
brunamálum lúta. –

I undir yfirumsjón
bæjarstjórnar

— " —

~~Reglugjörð um slökkvi-~~

16 gr.
Bæjarstjórnin semur eptir
tillögum brunamálanefnd-
ar reglugjörð um hvar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

slökkvitól og önnur
áhöld, er að slökkvoda
lýtur Reykjavíkurkaup-
staður skuli skyldur að
eiga og viðhalda. — Reglu-
gjörð þessa skal leggja
undir samþykki stjórnar-
ráðs Íslands og skal hana
endurskoða ~~á eins skemmri~~
eigi sjaldnar en á 5 ára
fresti. —

—n—

Reglugjörð um slökkvi-
lið Reykjavíkurbæjar
31. okt. 1874 er hjer með
úr gildi felld. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Bæjarstjórnin stingur upp á að þessir menn verði skipaðir í yfirskattanefnd í Reykjavík.

Eiríkur Briem prestaskólakennari

Jón Magnússon skrifstofustjóri

Sighvatur Bjarnason bankastjóri

Bæjarstjórn Reykjavíkur 22. nóv. 1907.

Halldór Daníelsson Kristján Þorgrímsson
Kristján Jónsson. Halldór Jónsson. Tryggvi Gunnarsson
Magnús Einarsson. Jón Magnússon Hannes Hafliðason
Þorsteinn Þorsteinsson Ólafur Ólafsson Jón Þorláksson.
Björn Kristjánsson Ásgeir Sigurðsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Reikningur
yfir
tekjur og gjöld sjúkrasjóðs
hins íslenzka kvennfélags
1907.

| Nr. | Tekjur: | | Kr. | au. |
|---|---|---|---|---|
| 1. | Sjóður frá f. á.: | | | |
| | a. Bankavaxtabréf . . . . | kr. 3500.00 | | |
| | b. Í sparisjóði . . . . . | „ 200.88 | 3700 | 88 |
| 2. | Vextir: | | | |
| | a. Af bankavaxtabréfum 2/1. 07: | kr. 78.75 | | |
| | b. – ——— 1/7. 07: | „ 78.75 | | |
| | c. – innstæðu í sparisjóði . | „ 11.49 | 168 | 99 |
| 3. | Gjöf M. Lunds lyfsala . . . . | | 25 | „ |
| | | Kr. | 3894 | 87 |
| | **Gjöld:** | | | |
| 1. | Styrkur veittur fyrir 1906: Ólöfu Sveinsdóttur (fskj. 1). | | 55 | . |
| 2. | Styrkur veittur fyrir 1907: Ragnheiði Rögnvaldsdóttur (fskj. 2) | | 55 | . |
| 3. | Sjóður við árslok: | | | |
| | a. Bankavaxtabréf – – | kr. 3500.00 | | |
| | b. Í sparisjóði . . . | – 284.87 | 3784 | 87 |
| | | Kr. | 3894 | 87 |

Reykjavík 2. janúar 1908.

Eiríkur Briem.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Skýrsla

um styrkveiting úr Blómsveigasjóði Þorbjargar Sveinsdóttur.

Árið 1907 hafa þessar konur fengið styrk:

| | | |
|---|---|---|
| Sigríður Jónsdóttir Skólavörðustíg 42, | Kr. | 15,00. |
| Álfheiður Stefánsdóttir Lindargötu 7, | — | 15,00. |
| Jónína Sigurðardóttir Laugaveg | — | 12,00. |
| Guðrún Gísladóttir Laufásveg 43 | — | 15,00. |
| Guðrún Finnbogadóttir Laugav. 37 | — | 15,00. |
| Samtals | Kr. | 72,00. |

Þetta tilkynnist hinni háttvirtu bæjarstjórn samkvæmt 5. gr. skipulagsskrár sjóðsins.

Virðingarfyllst

Reykjavík 10. marz 1908.

Jarþr. Jónsdóttir.

Til

bæjarstjórnar Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

30/11

Reykjavík 27. 11. 05

Með brjefi dags. 20. þ. m. í sambandi við matsgjörð frá 4. þ. m. hafið þjer herra bæjarfógeti tilkynnt mjer, að lóð mín sem tekin var lögnunni við Laufásveg hef. verið metin á 1 kr. 60 aur. — eina krónu og 60 aur — feralinin. Samkvæmt þessu leyfi jeg mjer að tjá yður að jeg sætti mig við áðurgreint mat á lóð minni.

E. Christjánsson

Til
bæjarfógetans í
Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur




© Borgarskjalasafn Reykjavíkur



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

BYGGINGARFULLTRÚINN Í REYKJAVÍK.

Reykjavík 11. nóvember 1907.

Lóð sú, er herra Jón Guðmundsson trésmiður, hefur fengið fyrir sunnan Birtingaholt samkvæmt byggingarnefndargjörð 3 ágúst síðastliðinn er 1428 ferálnir að stærð.

K. Zimsen.

Til bæjarfógetans í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

22/11

Samkvæmt beiðni hlutaðeigenda höfum við undirritaðir mælt, lóðarnemu þá, er tekinn hefur verið, norðann af lóð ekkju-frúar Elinborgar Kristjánsson, undir vegadp Laufásvegi og ofann að Fríkyrjunni, og hefir okkur mælst lóð þessi 202 ferhyrnings álnir

Reykjavík 21 nóvember 1905

Sigvaldi Bjarnason

Þorsteinn Tómasson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur